

## 1 TILGANGUR OG GILDISSVIÐ

Þessi verklagsregla tengist HB-001 Handbók jafnlaunakerfis Verkmenntaskólans á Akureyri. Tilgangur verklagsreglunnar er að bera kennsl á viðeigandi lagalegar kröfur og aðrar kröfur sem eiga við um jafnlaunakerfi Verkmenntaskólans á Akureyri.

## 2 ÁBYRGÐ

Rekstrar- og fjármálastjóri ber ábyrgð á verklagsreglunni. Rekstrar- og fjármálastjóri sér um að unnið sé eftir henni og ber ábyrgð á því hverju sinni að lagalegar kröfur og aðrar kröfur sem Verkmenntaskólinn á Akureyri undirgengst vegna jafnlaunakerfisins séu yfir farnar reglulega.

## 3 FRAMKVÆMD

Það er á ábyrgð rekstrar- og fjármálastjóra að ákvarðið sé hvaða lagalegu kröfur og aðrar kröfur eiga við sem tilheyra jafnlaunakerfinu og hann ber ábyrgð á að viðhalda lista yfir lagalegar sem tengjast jafnlaunakerfinu. Allar gildandi lagalegar kröfur sem eiga við starfsemi Verkmenntaskólans á Akureyri má finna t.d. á heimasíðu Alþingis, [www.althingi.is](http://www.althingi.is) og reglugerðarvef dómsmálaráðuneytisins, [www.reglugerd.is](http://www.reglugerd.is). Rekstrar- og fjármálastjóri yfirfer hvort breytingar hafi orðið á lögbundnum kröfum og öðrum kröfum og kannar hvort nýjar kröfur hafi komið fram, að lágmarki einu sinni á ári. Allar breytingar á lagalegum kröfum og öðrum ytri kröfum sem geta haft áhrif á jafnlaunakerfið eru skráðar í Lagalegar kröfur og aðrar kröfur. Yfirferð er staðfest með því að skrá dagsetningu og nafn þess sem fer yfir kröfurnar á lista yfir lagalegar kröfur og aðrar kröfur. Rekstrar- og fjármálastjóri sér um rekstur og innri þjónustu, metur áhrif breytinga sem verða á lagalegum kröfum og öðrum kröfum á jafnlaunastefnuna og upplýsir aðra stjórnendur um þær breytingar sem geta haft áhrif á jafnlaunakerfið. Stjórnendur meta hvort breyttar kröfur geti haft áhrif á jafnlaunakerfið í rýni stjórnenda.

## 4 TILVÍSANIR

Kaflar staðalsins ÍST85:2012:

4.3.2 Lagalegar kröfur og aðrar kröfur

4.5.2 Mat á hlítingu

Skjöl og skrár sem tengjast verklagsreglu:

JLÖ- 001 Lög sem tengjast jafnlaunakerfinu

HB-001 Handbók jafnlaunakerfis